

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 1997-2017, verslun og þjónusta við Hrafnaklett, Borgarnesi, Borgarbyggð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 4. júlí 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 1997-2017 frá 19. október 1998.

Breytingin felst í því að útvistarsvæði, opið svæði til sérstakra nota á mótum Borgarbrautar og Hraunkletts breytist að hluta í svæði fyrir verslun og þjónustu. Aðkoma að lóðinni verður frá Hrafnakletti.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Borgarbyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 4. júlí 2007.

Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 5. júlí 2007